

Ferill agamála og ástundunarkerfi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Ef nemandi:

- mætir ekki með rétt gögn
- fer ekki eftir fyrirmælum kennara og starfsmanna skólans
- vinnur ekki
- truflar kennslu / nám samnemenda
- sýnir af sér ofbeldi (getur verið andlegt og/eða líkamlegt)
- leggur í einelti (sjá einnig eineltisáætlun)
- viðhefur óæskilegt orðbragð og/eða samskipti
- brýtur skólareglur

1. Kennari / starfsmaður varar nemandann við, með orðum eða bendingum.

2. Ef nemandi lætur sér ekki segjast þá er honum vísað út úr kennslustofunni á stað þar sem aðrir starfsmenn skólans geta haft auga með honum. Nemandinn bíður þar í fyrirfram gefinn tíma eftir ákvörðun kennara. Hann gætir sjálfur að tímanum og óskar eftir að fá að koma inn í kennslustofuna aftur að honum loknum með því fororði að hann biðjist afsökunar á framkomu sinni.

2.1. Ef nemandi sýnir öðru starfsfólki óhlýðni eða dónaskap varar það nemandann við og freistar þess að ljúka málinu. Gangi það ekki kallar það eftir aðstoð (umsjónarkennara eða að öðrum kosti skólastjórnanda) og tilkynnir umsjónarkennara sem skráir brotið í Mentor ásamt því að hringja heim til nemandans *eftir alvarleika brotsins* og greinir frá atburðinum.

3. Ef þörf er á (aðgerðir kennara / starfsmanns) duga ekki, ræðir umsjónarkennari við nemandann og freistar þess að ljúka málinu við nemandann með kennaranum/starfsmanni. Námsráðgjafi getur einnig komið að málinu á þessu stigi.

4. Ef aðgerðir skv. ofangreindu skila ekki viðunandi árangri, þ.e. ef um endurtekin brot er að ræða, boðar umsjónarkennari forráðamann og nemanda á sinn fund. Þessir aðilar ákveða í hvaða farveg mál nemandans fer.

5. Ef aðgerðir skv. ofangreindu bera ekki viðunandi árangur og mál nemandans færast ekki til betri vegar, skal umsjónarkennari óska eftir fundi með skólastjórnanda, nemanda og forráðamanni.

6. Ef mál breytast ekki til batnaðar hjá nemanda innan fyrirfram ákveðins tíma, er málum hans vísað til næsta nemendaverndarráðsfundar. Nemendaverndarráð getur t.d. gert tillögu að frekari greiningum kennsluráðgjafa, sálfæðings skólaskrifstofu, læknisskoðun, barna- og unglingageðdeildar, úrræðum skóla, tilkynningu til barnaverndarnefndar ofl.

7. Hlutaðeigandi aðilar funda með forráðamönnum og greina frá niðurstöðu nemendaverndarráðs.

8. Á meðan málið er í vinnslu nemendaverndarráðs reynir skólinn að sinna málefnum nemandans eftir bestu getu. Ef þurfa þykir að sníða honum einstaklingsnámskrá, gripið til sértækra úrræða t.d. í atvinnulífinu, einkakennslu, sjúkrakennslu, tímabundin brottvísun úr skóla skv. lögum gr. 41 nr.66. 1995, 3. mgr. (sjá Lög um grunnskóla) ofl.

Ástundunar, skólasóknar- og hegðunareinkunn

Viðmiðunar- og skráningarreglur:

1. Nemandi byrjar með einkunnina 10 við upphaf hverrar annar.
2. Við hverja óheimila fjarvist (F) dregst 0,4 frá, 0,2 frá fyrir að koma of seint (S) og 0,2 fyrir endurtekna vanrækslu við að koma með bækur, áhöld og íþróttafatnað í skólann (G).
3. Ef nemandi er vísað úr kennslustund (R), dregst 1,0 frá mætingareinkunn.

Leiðbeiningar um skráningu:

1. Komi nemandi 10 mín. of seint í kennslustund ber að skrá hann fjarverandi (F)
2. Komi nemandi 1-10 mín. of seint fær hann seint (S)

Viðbrögð ef misbrestur er á mætingu:

Einkunn fer niður fyrir 8

Umsjónarkennari fylgist með mætingu umsjónarnemenda sinna. Um leið og ber á fjarvistum og óstundvísi hjá nemanda, ræðir umsjónarkennari við nemandann um það. Umsjónarkennari hefur einnig samband við forráðamenn og lætur vita.

Einkunn fer niður fyrir 6

Forráðamenn og nemandi eru boðaðir til fundar við umsjónarkennara. Þar er nemandi gefinn kostur á að bæta úr ástundun sinni með sérstökum samningi sem aðilar málsins gera sín á milli og er undirritaður af öllum.

Samningur heldur ekki

Standi nemandi ekki við samninginn, sjá Úrræði kennara no 5 og áfram í Ferli agamála.

Umbætur vegna ástundunareinkunnar

Geri nemandi sannarlega bragarbót á ástundun sinni að mati kennara og starfsmanna getur hann óskað eftir niðurfellingu á punktum sem skráðir eru á hann vegna lélegrar ástundunar. Nemandi getur þó ekki ítrekað sótt um niðurfellingu punkta fyrir sama brot á skólareglum.

Bragarbótin getur falist í:

- Stórbætt varanleg ástundun náms, heimanáms, mætinga, gagnavörslu, hegðunar, umgengni við menn og hluti.
- Umfjöllun um niðurfellingu punkta fer fram á teymisfundum viðkomandi stigs einu sinni í mánuði.

Úr lögum um grunnskóla nr. 91/2008:

14. gr.

Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendum ber að hlíta fyrirætlunum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólustjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólustjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

19. gr.

Ábyrgð foreldra.

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnarsýslulaga við meðferð málsins. Ákvörðun er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr.

Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita honum aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.